

2304. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 10. janúar 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir (tók sæti á fundi kl. 16:10), Ívar Ingimarsson, Orri Vignir Hlökkversson (vék af fundi kl. 18:15), Pálmi Haraldsson og Tinna Hrund Hlynisdóttir.

Fjarverandi: Unnar Stefán Sigurðsson.

Fundargögn:

- Fundargerð stjórnarfundar 2303
 - Fundargerðir knattspyrnu- og þróunarnefndar 12. júní, 19. júlí, 30. ágúst, 10. október, 8. nóvember, 7. desember 2023 og 8. janúar 2024
 - Fundargerð dómarnefndar 4. desember
 - Fundargerðir mótanefndar 3. og 8. janúar
 - Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um heiðursviðurkenningar
 - FIFA dreifibréf nr. 1873 og tillaga um viðbrögð
 - Minnisblað um viðurkenningar á ársþingi
 - Tillaga mótanefndar um 2. deild kvenna og 5. deild karla
 - Tillaga ráðgjafa UEFA um nýtt skipurit
 - Minnisblað um innleiðingu Comet
-

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - a. Fundargerð 2303.
2. Eftirfarandi fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fluttar af vettvangi ÍTF:
 - a. Fundargerðir Knattspyrnu- og þróunarnefndar 12. júní, 19. júlí, 30. ágúst, 10. október, 8. nóvember, 7. desember 2023 og 8. janúar 2024.
 - b. Í tengslum við fundargerðir knattspyrnu- og þróunarnefndar var tekin til afgreiðslu tillaga nefndarinnar um stofnun starfshóps sem hefur það hlutverk að kanna möguleika, kosti og galla við innleiðingu leyfiskerfis fyrir yngri flokka á Íslandi. *Stjórn samþykkti tillöguna og enn fremur að skipa eftirtalda í starfshópinn: Davíð Snorri Jónasson, Gunnar Borgþórsson, Margrét Magnúsdóttir, Sólrún Sigvaldadóttir, Þórhallur Siggeirsson og Þórður Einarsson.* Ekki þykir ráðlegt að setja starfshópnum tímamörk þar sem óvissa er um umfang verksins.
 - c. Fundargerð dómarnefndar 4. desember.
 - d. Fundargerðir mótanefndar 3. og 8. janúar.
 - e. Þá flutti Orri Hlökkversson fréttir af vettvangi ÍTF. Aðalfundur ÍTF verður þann 15. febrúar næstkomandi.
3. Lög og reglugerðir
 - a. Lögð var fram tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um heiðursviðurkenningar. Tillögunni var vísað til laga- og leikreglanefndar til umsagnar.
 - b. Rætt var um reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu. *Í framhaldi af ráðleggingum sem fram koma í dreifibréfi frá FIFA dags. 30. desember sl. (FIFA Circular no. 1873) samþykkti stjórn KSÍ að fella úr gildi tímabundið tiltekna greinar/ákvæði í reglugerð KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu. Greinar reglugerðar KSÍ um umboðsmenn í knattspyrnu sem samþykki stjórnar nær til og hefur áhrif á eru feitletraðar:*

Greinar 8.6, 8.8 og 8.11 - Þóknun almennar reglur

FIFA reglugerð: Rules Concerning Service Fee Cap - Article 14, par 6, 8 og 11.

Grein 9 (málgreinar 1-4) - Hámark þóknunar

FIFA reglugerð: Service Fee Cap - Article 15, par 1-4.

Greinar 8.2 og 8.10 - Greiðsla þóknunar frá hendi umþjófanda

FIFA reglugerð: *The client pays rule - Article 14, par 2 and 10*

Greinar 8.7 og 8.12 – Tímasetning á greiðslu þóknunar

FIFA reglugerð: *Timing of service fee payments - Article 14 paragraph 7 and 12.*

Greinar 6.8; 6.9; og 6.10 - Tvíþætt umboð

FIFA reglugerð: *Double representation - Article 12, par 8-10.*

Greinar 10.2 stafliðir h), j) og k) og 10.4 - Tilkynningarskylda umboðsmanns

FIFA reglugerð: *Reporting obligations - Article 16, par 2 h), j), k) and 4)*

Greinar 3.1, 10.2 stafliður b); 14 og 15 - Lögsaga og framkvæmd

FIFA reglugerð: *Submission rule - Article 4, par 2; article 16 par 2 b; article 3, par 2 c) and d); article 20 and article 21.*

Grein 8.13 - Greiðsla þóknunar í gegnum FIFA Clearing House

FIFA reglugerð: *Service fee payment via the FIFA clearing house - Article 14, par 13*

4. Ársþing KSÍ 2024

- a. Kynningafundur um tillögur verður þriðjudaginn 20. febrúar kl. 17:00, á Teams.
- b. Rætt um venjubundið málþing og dagskrá þess. Málþingið verður haldið föstudaginn 23. febrúar kl. 17:00 í höfuðstöðvum KSÍ og í streymi.
- c. Rætt um tillögur frá stjórn á ársþingi (m.a. breyting á lögum í samræmi við athugasemdir ÍSÍ). Skilafrestur tillagna er 24. janúar og vinna þarf málið áfram á milli funda.
- d. Rætt um aðrar tillögur og mál á ársþingi, sbr. til dæmis niðurstöður starfshóps um varaliðskeppni kvenna og niðurstöður starfshóps um staðalsamninga KSÍ.
- e. Stjórn samþykkti að leggja fyrir þingheim tillögu um þau Gísli Gíslason og Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur sem þingforseta og um þau Ingibjörgu Jónsdóttur og Dag Svein Dagbjartsson sem þingritara.
- f. Rætt um viðurkenningar á ársþingi og aðrar heiðursviðurkenningar. M.a. var samþykkt að hætta með háttvísiviðurkenningar í öðrum deildum en Bestu deildum.
- g. Samþykkt að senda áskorun til aðildarfélaga um að huga að kynjaskiptingu á ársþingi.

5. Fjármál

- a. Rætt um vinnu við ársreikning 2023 og tekin til afgreiðslu tillaga fjárhags- og endurskoðunarnefndar um þróunarstyrk KSÍ en úthlutun styrksins er 50 m.kr. í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun.

Samþykkt stjórnar KSÍ:

Síðastliðin ár hefur UEFA greitt félögum í Bestu deild karla sérstakt framlag vegna þróunarstarfs barna og unglunga í knattspyrnu (Clubs Youth Development) og er þetta framlag hluti af þeim tekjum sem UEFA hefur af Meistaradeild karla UEFA. UEFA greiðir nú í annað sinn framlag til félaga í efstu deild kvenna vegna Meistaradeildar kvenna UEFA. Í fjárhagsáætlun KSÍ fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir 50 milljóna króna framlagi til viðbótar við framlag UEFA til þróunarstarfs. Framlag KSÍ til aðildarfélaga sinna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Úthlutun er háð því að félög haldi úti sjálfstæðri starfsemi í yngri flokkum beggja kynja. Félög sem taka þátt í samstarfi í yngri flokkum eða eru ekki með þátttökulið í Íslandsmóti í yngri flokkum beggja kynja fá 75% framlag miðað við deildarstöðu meistaraflokks.

Samþykkt stjórnar KSÍ um úthlutun fjármagns UEFA og KSÍ til eflingar þróunarstarfs í knattspyrnu árið 2023:

1. Framlag UEFA til aðildarfélaga til eflingar þróunarstarfs rennur til þeirra félaga sem léku annars vegar í Bestu deild karla 2023 (Clubs Youth Development), að undanskildum þeim félögum sem hafa þegar fengið greiðslur frá UEFA vegna þátttöku sinnar í Evrópukeppnum félagsliða og hins vegar til þeirra félaga sem léku í Bestu deild kvenna árið 2022 (að undanskildum þeim félögum sem hafa þegar

fengið greiðslur frá UEFA vegna þátttöku sinnar í Evrópukeppnum félagsliða). Úthlutun er háð því að félög haldi úti starfsemi í yngri flokkum og hafi samþykka áætlun um uppeldisstarf, skv. leyfisreglugerð KSÍ. Framlag UEFA rennur einungis til félaga í Bestu deild karla og kvenna skv. ákvörðun UEFA.

2. Framlag KSÍ til eflingar þróunarstarfs í knattspyrnu barna og unglunga að upphæð 50 m.kr. til annarra félaga en þeirra félaga sem léku í Bestu deild karla 2023 og Bestu deild kvenna 2022, með þeirri undantekningu að félög sem fá framlag frá UEFA vegna keppnisliðs í Bestu deild kvenna (sem tók ekki þátt í Evrópukeppni félagsliða) fá aukaframlag frá KSÍ (390.000) til að jafna stöðu miðað við önnur félög í sömu deild. Úthlutun er háð því að félög haldi úti sjálfstæðri starfsemi í yngri flokkum beggja kynja. Félög sem taka þátt í samstarfi í yngri flokkum eða eru ekki með þátttökulið í Íslandsmóti í yngri flokkum beggja kynja fá 75% framlag miðað við deildarstöðu meistaraflokks.
3. Greiðslan til félaganna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna.
4. Dæmi um kostnaðarliði í þessu starfi eru laun þjálfara, ferðakostnaður vegna þátttöku í keppni, aðstöðuleiga, kaup á tækjum og áhöldum.
5. Á fundi sínum þann 10. janúar 2023 samþykkti stjórn KSÍ að áskilja sér þann rétt að kalla eftir staðfestingum frá aðildarfélögum sínum um ráðstöfun styrksins.

Þegar um samstarfsfélög (skástriksfélög) er að ræða þá er framlagið byggt á stöðu í deild skipt á milli þeirra félaga sem að samstarfinu standa. Önnur félög, með starfsemi í yngri flokkum, geta sótt um styrk til þróunarstarfs en þurfa að sýna fram á starfsemi sína og skal það gert fyrir 31. janúar 2024.

Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi dreifingu framlags KSÍ:

Bestu- og Lengjudeildir karla og kvenna 2023	
Breiðablik (jöfnunarframlag)	390,000
ÍBV (jöfnunarframlag)	390,000
Keflavík (jöfnunarframlag)	390,000
KR (jöfnunarframlag)	390,000
Tindastóll	2,280,000
Selfoss (jöfnunarframlag)	390,000
Þór	2,280,000
Þróttur R (jöfnunarframlag)	390,000
Þór/KA (jöfnunarframlag)	390,000
Fjölnir	2,280,000
Afturelding (jöfnunarframlag)	390,000
Grindavík	2,280,000
Grótta	2,280,000
ÍA	2,280,000
Leiknir R	1,710,000
Njarðvík	2,280,000
Vestri	2,280,000
Ægir	1,710,000
2. deild karla og 2. d. kvenna 2023	
Dalvík	1,425,000
Haukar	1,425,000
Höttur	1,425,000

ÍR	1,425,000
KF	1,425,000
Sindri	1,425,000
Víkingur Ó	1,425,000
Völsungur	1,425,000
Þróttur V	1,068,750
Einherji	1,068,750
3. -5. deild karla 2023	
Magni	712,500
Reynir S	712,500
Víðir	712,500
Álftanes	950,000
Hamar	950,000
Skallagrímur	950,000
Uppsveitir	712,500
KFR	950,000
Önnur félög (sem standa að sameiginlegu liði í mfl.)	
Kormákur	500,000
Hvöt	500,000
Þróttur N	375,000
Austri	375,000
Valur Rf	375,000
Leiknir F	375,000

b. Farið yfir stöðuna á vinnu við fjárhagsáætlun 2024.

6. Mótamál og dómaramál

a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar lagði fram tillögu nefndarinnar varðandi keppnisfyrirkomulag í 2. deild kvenna og 5. deild karla.

- 2. deild kvenna: 13 félög hafa tilkynnt þátttöku og mótanefnd er vandi á höndum að finna fyrirkomulag sem kemur til móts við ólíkar þarfir félaganna. Nefndin hefur skoðað ýmsar útfærslur og rætt við öll félögin sem hafa skráð þátttöku til að heyra þeirra sjónarmið. Tillaga mótanefndar er að í fyrri hluta mótsins verði leikin einföld umferð og í seinni hluta mótsins fari fram þrískipt úrslitakeppni. Þetta fyrirkomulag tryggir hæfilegan fjölda leikja á hvert félag. *Stjórn samþykkti tillögu nefndarinnar um svohljóðandi fyrirkomulag:*

Félög í 2. deild kvenna 2024

Augnablik
Álftanes
Dalvík/Reynir (nýtt)
Einherji
Fjölnir
Haukar
ÍH
KH
KR
Sindri
Smári
Vestri (nýtt)
Völsungur

Keppni í 2. deild kvenna er leikinn í tveimur hlutum.

Fyrri hluti – Einföld umferð

Í fyrri hluta mótsins er leikin einföld umferð, samtals 12 leikir á hvert félag.

Seinni hluti mótsins – Þrískipt úrslitakeppni

Í seinni hluta mótsins er keppni skipt upp í þrjá hluta.

- Félögin sem enda í 5 efstu sætum í fyrri hluta mótsins leika saman. Félögin í sætum 6-9 leika saman og að lokum leika félögin í sætum 10-13 saman.
- Félögin taka með sér stiginn úr fyrri hluta mótsins.
- Leikin er tvöföld umferð í seinni hluta mótsins.
- Félög í sætum 1-5 leika því samtals 20 leiki. Önnur félög leika samtals 18 leiki.

- Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi tillögu mótanefndar um riðlaskiptingu í 5. deild karla:

A-riðill	B-riðill
Álftanes	Hörður í
Álafoss	KFR
Hafnir	Midas
KM	Reynir H
Léttir	Smári
Samherjar	SR
Spyrnir	Stokkseyri
Úlfarnir	Uppsveitir
14 leikir á lið	14 leikir á lið
Tvöföld umferð	Tvöföld umferð

Úrslitakeppni

Eftir riðlakeppni fer fram úrslitakeppni tveggja efstu liða í hvorum riði:

Undanúrslit – Fyrri leikir

A2 – B1 B2 – A1

Undanúrslit – Seinni leikir

B1 – A2 A1 – B2

Úrslitaleikur og leikur um 3. sæti

Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita og tapliðin í undanúrslitum leika um 3. sætið.

Leikið er til þrautar. Mótanefnd KSÍ ákveður leikstaði.

- Þá greindi Helga frá því að mótanefnd hafi tekið til skoðunar athugasemdir við keppnisfyrirkomulag í 2. flokki karla A-liða, en leikið var samkvæmt lotukerfi í fyrsta sinn á keppnistímabilinu 2023. Í kjölfar athugasemda sem bárust eftir fund með yfirþjálfurum í nóvember var ákveðið að senda spurningalista á öll félög sem tóku þátt í mótinu 2023 þar sem spurt var út í fyrirkomulagið og hvort gera ætti breytingar á því. Fá svör bárust frá félögunum. Í svörunum sem þó bárust komu fram sjónarmið sem studdu núverandi fyrirkomulag og sjónarmið þar sem kallað er eftir breytingum. Mótanefnd ákvað því að keppni í 2. flokki karla yrði með sama sniði árið 2024 og að því loknu yrði fyrirkomulagið endurmetið.
- b. Rætt um VAR þjálfun dómara 2024 en KSÍ tekur þátt í verkefni með Knattspyrnusamböndum Norður Írlands og Írlands þar að lútandi. Íslenskir dómarar halda til Englands í febrúar og hefja þar VAR þjálfun sína. Byrjað verður á þjálfun í Stockley Park dagana 14.-15. febrúar. Þjálfunin heldur svo áfram í Belfast í mars þar sem dómararnir þurfa að dæma VAR-leiki til þess að ljúka þjálfuninni og öðlast réttindi til þess að dæma VAR-leiki. Þetta verkefni er mikilvægt til þess að íslenskir dómarar fái verkefni erlendis í UEFA leikjum, þar sem VAR er í dag komið í forkeppni Evrópu deilda karlaliða.

- a. Rætt var um umspilsleiki A kvenna gegn Serbíu sem fram fara í febrúar. Framkvæmdastjóri KSÍ greindi stjórn KSÍ frá því að ekki hafi tekist að finna ásættanlegan leikvöll erlendis miðað við fyrirfram tilgreindar forsendur og því ákvað stjórn KSÍ að heimaleikur Íslands færi fram hér á landi.
- b. Rætt um verkefnið framundan hjá A landsliði karla og um innihald samnings við landsliðsþjálfara karla Áge Hareide. Sérstaklega var farið yfir framlengingar- og uppsagnarákvæði. Framlengingarákvæði taka gildi takist að komast á stórmót og uppsagnarákvæði er á samningnum í lok nóvember á þessu ári. *Stjórn samþykkti samning við Áge Hareide þann 18. janúar 2023 með rafrænum hætti.*

8. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, tilkynnti stjórn um uppsögn sína og vék síðan af fundi. Rætt var um starfslok framkvæmdastjóra en frekari umræðu frestað.

Klara Bjartmarz tók aftur sæti á fundinum.

9. Málefni Laugardalsvallar/Þjóðarleikvangs

- a. Formaður KSÍ, Vanda Sigurgeirsdóttir, greindi stjórn frá fundi sínum og formanni FRÍ með borgarstjóra varðandi þjóðarleikvanga. Þá er fyrirhugaðir fundur með menntamálaráðherra.
- b. Rætt um næstu skref varðandi þjóðarleikvang í knattspyrnu og mögulegar leiðir til fjármögnunar. Stóra verkefnið framundan er aðkoma ríkis og borgar. Ákveðið var að útbúa viljayfirlýsingu sem lögð verði fyrir ríki og borg sem fyrst.

10. Verkefni milli funda

- a. Eftirtalin heiðursmerki voru afhent á milli funda (Kormákur/Hvöt):
 - ✓ Hörður Gylfason
 - ✓ Reimar Marteinson
 - ✓ Magnús Eðvaldsson
- b. Kynning á innleiðingu Comet var frestað til næsta fundar.
- c. KSÍ hefur birt nýja stefnumótun sambandsins og í framhaldinu hafa ráðgjafar á vegum UEFA skilað tillögum sínum um nýtt skipurit. Tillögurnar voru lagðar fram til kynningar en frekari umræðum frestað.
- d. UEFA Foundation for Children samþykkti umsókn UMFÍ um styrk vegna verkefnis um jákvæðar fyrirmyndir í gegnum fótbolta. Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni sem KSÍ mun án efa njóta góðs af.

Fundi slitið kl. 19:45

Fundarritari

Klara Bjartmarz

Næstu stjórnarfundir (sbr. samþykkt síðasta fundar):

- 31. janúar 2024
- 14. febrúar 2024
- 23. febrúar 2024, stór stjórnarfundur

Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 12. janúar kl. 14.00. Var fundurinn haldinn á Teams.



Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Orri Vignir Hlöðversson

Viðfangsefni fundarins voru starfslok Klöru Bjartmarz framkvæmdarstjóra KSÍ en afgreiðslu málsins var frestað á fundinum þann 10. janúar. *Vanda Sigurgeirsdóttir og Pálmi Haraldsson fengu umboð stjórnar til að ganga frá starfslokum framkvæmdastjóra, en hún mun láta að störfum þann 29. febrúar.* Stjórn þakkar Klöru kærlega fyrir vel unnin störf og fyrir hennar mikilvæga framlag í þágu knattspyrnunnar á Íslandi. Klara hefur starfað fyrir KSÍ í 30 ár og á þeim tíma unnið starf sitt af mikilli fagmennsku, kunnáttu, einurð, vandvirkni og heiðarleika. Stjórn þakkar einnig fyrir samstarfið á undanförunum árum og óskar Klöru velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Fundarritari

Vanda Sigurgeirsdóttir